

Mál nr. 1/2014
Stjarnan
gegn
Breiðablik

Kæra Stjórnunnar

Dómkröfur:

Leikur dæmdur tapaður 3-0, Stjórnunni í hag og Stjórnunni þar með dæmdur sigur í leiknum.

Málavextir:

Leikur í 2.flokki karla, 8-liða úrslit í bikarkeppni KSÍ, sem fram fór laugardaginn 19.júlí síðastliðinn. Leikurinn endaði með 1-2 sigri Breiðabliks. Breiðablik tefldi fram ólöglegum leikmanni, Gunnlaugi Hlyn Birgissyni, en hann var þá skráður í félag í Belgíu.

Tilvísun:

3.1. Leikmaður er hlutgengur til keppni með því félagi sem hann æfir fyrst knattspyrnu

með, svo fremi að félagið skrái leikmanninn rétt í iðkendaskrá KSÍ og hefur hann þá keppnisleyfi með félaginu. Félaginu ber skylda til að skrá leikmanninn og skal félagið beitt viðurlögum skv. reglugerð þessari ef það skráir ekki leikmenn sína hjá KSÍ.

3.2. Hlutgengir til þátttöku í knattspyrnumótum eru leikmenn sem hafa keppnisleyfi sbr.

3.1. Kjósi leikmaður að skipta um félag er hann hlutgengur með nýja félaginu degi eftir að fullfrágengin tilkynning um félagaskiptin hefur verið móttækin af skrifstofu KSÍ, sbr. 15. og 16. gr., og gefið hefur verið út keppnisleyfi fyrir hann.

Röksemdir:

Leikmaðurinn sem um ræðir var ekki kominn með leikheimild þegar að leikurinn fór fram. Reglugerðir sambandsins kveða á um að leikmenn þurfi að hafa fengið keppnisleyfi og öll tilskilin leyfi frá KSÍ svo þeir séu löglegir með sínu liði. Úrslit leiksins skuli því vera dæmd Stjórnunni í hag, 3-0.

Sönnunargögn:

- A) Skjámynd úr gagnagrunni KSÍ tekin 22.júlí.
- B) Skjámynd af leikskýrslu í leik Stjórnunnar og Breiðabliks sem fram fór 19.júlí.

Vitni:

Nafn: Brynjar Björn Gunnarsson

Heimilisfang: Barðaströnd 10, 170 Seltjarnarnesi

Nafn: Björn Másson

Heimilisfang: Löngulínu 2, 210 Garðabæ

Undirskrift:

Victor Ingi Olsen

Greinargerð Breiðabliks

Aganefnd KSÍ

Laugardalsvelli

Kópavogur 31. júlí 2014

Efni: Svar við kærnu Knattspyrnudeildar Stjórnunnar vegna leiks í bikarkeppni karla í 2.flokki þann 19. Júlí s.l.

Kærandi: Knattspyrnudeild Stjórnunnar

Kærði: Knattspyrnudeild Breiðabliks

Knattspyrnudeild Stjórnunnar kærði Knattspyrnudeild Breiðabliks fyrir að tefla fram ólöglegum leikmanni í leik liðanna í bikarkeppni 2. flokks karla (8 liða úrslitum) þann 19. júlí s.l. þar sem Breiðabliks vann 2-1.

Knattspyrnudeild Breiðabliks gengst við því að hafa fyrir mistök teflt fram leikmanni sem ekki var kominn með leikheimild en það var gert án vitneskju þjálfara flokksins sem töldu að umræddur leikmaður væri kominn með heimild þar sem öll gögn um vistaskipti leikmannsins höfðu verið send til KSÍ. Hins vegar flækist málið aðeins þar sem umræddur leikmaður er að koma erlendis frá og ekki um venjulega íslensk félagaskipti að ræða þar sem vantaði staðfestinu frá Belgíska Knattspyrnusambandinu um staðfestingu fyrir leikmannin sem og frá hans fyrrum félagi, Club Brugge. Okkur til varnar má hins vegar benda á að í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót frá því í mars 2014 og má finna á vef KSÍ segir m.a. í grein 9.1.

„Leikskýrsla skal gerð á vef KSÍ en til vara á eyðublöðum útgefnum af KSÍ og skal farið að leiðbeiningum KSÍ“. Þessi skýrsla var aldrei gerð fyrir leik af dómara leiksins og hefði leikurinn í raun aldrei átt að hefjast fyrir en búið var að ganga frá leikskýrslunni. Ef rétt hefði verið staðið að málum varðandi framkvæmd leiksins hefði menn komist að því fyrir leik að umræddur leikmaður var ekki skráður í Breiðablik og málið aldrei komið upp að okkar mati.

Það er mat Breiðabliks að kæra þessi sé fyrst og fremst tilkomin vegna þess að Stjarnan tapaði leiknum og fer fram á að leikurinn verði endurtekinn vegna mistaka við framkvæmd leiksins eins og lýst er hér að ofan.

Hins vegar er það alveg ljóst að Breiðablik mun una niðurstöðu KSÍ hver sem hún verður enda er að stefna Breiðabliks að fara lögum og reglum KSÍ.

f.h. Knattspyrnudeildar Breiðabliks



Eysteinn Pétur Lárusson, framkvæmdastjóri

Úrskurður Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ:

Ár 2014, þriðjudaginn 12. ágúst er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Gunnari Guðmundssyni, Sigurði I. Halldórssyni og Helga R. Magnússyni.

Fyrir er tekið málið nr. 1/ 2014

Knattspyrnudeild Stjörnunnar

gegn

Knattspyrnudeild Breiðabliks

Gögn málsins merkt nr. 1-3 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi:

Knattspyrnudeild Stjörnunnar, kt. 611175-0199, Ásgarði, Garðabæ

Kærði:

Knattspyrnudeild Breiðabliks, kt. 410284-1389, Dalvegi 5, 201, Kópavogi.

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ innan kærufrests þann 23. júlí sl. með tölvupósti. Dómari gaf kærða kost á að skila greinargerð sem kærði nýtti sér og sendi til skrifstofu KSÍ þann 31. júlí s.l.

Kröfur:

Kærandi gerir þá kröfu að úrslitum í leik Stjörnunnar og Breiðablik, í 2. flokki karla í Bikarkeppni KSÍ sem fram fór þann 19. júlí s.l. verði breytt og leikurinn dæmdur tapður Breiðablik með markatölunni 3-0.

II.

Málsatvik og ágreiningsefni.

Í kæru kemur eftirfarandi fram af hálfu kæranda:

„Leikur í 2. flokki karla, 8-liða úrslit í bikarkeppni KSÍ, sem fram fór laugardaginn 19.júlí síðastliðinn. Leikurinn endaði með 1-2 sigri Breiðabliks. Breiðablik tefldi fram ólöglegum leikmanni, Gunnlaugi Hlyn Birgissyni, en hann var þá skráður í félag í Belgíu. Leikmaðurinn sem um ræðir var ekki kominn með leikheimild þegar að leikurinn fór fram. Reglugerðir sambandsins kveða á um að leikmenn þurfi að hafa fengið keppnisleyfi og öll tilskilin leyfi frá KSÍ svo þeir séu löglegir með sínu liði.“

Vísan í lög og reglugerðir

Kærandi vísar í eftirtalin ákvæði í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót:

„3.1. Leikmaður er hlutgengur til keppni með því félagi sem hann æfir fyrst knattspyrnu með, svo fremi að félagið skrái leikmanninn rétt í iðkendaskrá KSÍ og hefur hann þá keppnisleyfi með félaginu. Félaginu ber skylda til að skrá leikmanninn og skal félagið beitt viðurlögum skv. reglugerð þessari ef það skráir ekki leikmenn

sína hjá KSÍ.

3.2. Hlutgengir til þátttöku í knattspyrnumótum eru leikmenn sem hafa keppnisleyfi sbr. 3.1. Kjósi leikmaður að skipta um félag er hann hlutgengur með nýja félaginu degi eftir að fullfrágengin tilkynning um félagaskiptin hefur verið móttækin af skrifstofu KSÍ, sbr. 15. og 16. gr., og gefið hefur verið út keppnisleyfi fyrir hann. „

III.

Kærði ,knattspyrnudeild Breiðabliks gengst við því í greinargerð sinni að hafa fyrir mistök teft fram leikmanni sem ekki var kominn með leikheimild hjá KSÍ, en fyrra félag hans var Club Brügge, en þjálfarar töldu að leikheimild væri fyrir hendi.

Kærði bendir hins vegar á að engin leikskýrsla var gerð af dómara leiksins fyrir leik eins og áskilið er í grein 9.1. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Telur kærði að ef framkvæmd leiks hefði verið með réttum hætti hefði s´set að viðkomandi leikmaður var ekki skráður í Breiðablik og mál þetta ekki komið upp.

IV.

Niðurstaða:

Kærði hefur eins og að framan er rakið viðurkennt brot sitt á grein 3.1. og 3.2. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót þar sem leikmaðurinn Gunnlaugur Hlynur Birgisson var ekki kominn með leikheimild frá KSÍ fyrir umræddan leik kæranda og kærða í 2. flokki karla í Bikarkeppni KSÍ.

Verður af þeim sökum að fallast á kröfu kæranda í málinu og breyta úrslitum í framangreindum leik kæranda, Stjörnunnar og kærða, Breiðabliks í 2. flokki karla í Bikarkeppni KSÍ, sem fram fór þann 19. júlí þannig að hann dæmist Breiðablik tapaður með markatölunni 3-0 samkvæmt grein 40.1. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Kærða ber auk þess samkvæmt sömu grein að greiða kr. 10.000.- í sekt til KSÍ.

Úrskurðarorð:

Úrslitum í leik Stjörnunnar og Breiðabliks í 2. flokki karla í Bikarkeppni KSÍ, sem fram fór þann 19. júlí s.l. er breytt þannig að leikurinn dæmist Breiðablik tapaður með markatölunni 3-0.

Breiðablik greiði sekt að fjárhæð kr. 10.000.- til KSÍ.

Gunnar Guðmundsson

Sigurður I Halldórsson

Helgi R. Magnússon

Um áfrýjun:

Frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ skal vera 5 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.